



Reykjavík, 26. mars 2019
Tilvísun í mál: R19030132

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.

Reykjavíkurborg fagnar framkomnu frumvarpi til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta. Háhraða fjarskiptanet og áframhaldandi markviss uppbygging þeirra skiptir borgina, og reyndar Ísland allt, umtalsverðu máli hvað varðar áform um þjónustu við íbúa, fyrirtæki og aðra notendur sem og fyrirséða snjallborgarþróun. Því er mikilvægt að öll laga- og reglugerðaumgjörð utan um þessa mikilvægu innviði sé sem skýrust og styðji sem best við uppbyggingu þeirra innviða sem stuðlað geta að því að gefa Reykjavík og Íslandi samkeppnisforskot á aðrar þjóðir þegar kemur að tækniinnviðum.

Þegar litið er til þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar og greinargerðarinnar sem því fylgir þá telur Reykjavíkurborg frumvarpið í heild hafa burði til þess að ná þeim markmiðum sem því er ætlað, verði það að lögum. Vegna einstakra atriða í frumvarpinu vill Reykjavíkurborg þó koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:


1. Póst og fjarskiptastofnun er ætlað veigamikil hlutverk samkvæmt frumvarpinu. Bent er á að e.t.v. þurfi að huga að því að styrkja stofnunina þar sem búast má við að með gildistöku laganna munu aðilar á markaði láta reyna á einstaka þætti þeirra. Nauðsynlegt er að í þeim tilfellum geti stofnunin brugðist við með viðunandi hraða. Það að Póst- og fjarskiptastofnun geti einungis lagt á dagsektir en ekki beitt stjórnvaldssektum vekur einnig upp spurningar um hvernig stofnuninni er ætlað að takast á við hugsanleg tilvik þar sem t.d. markaðsráðandi fyrirtæki brýtur af sér í skilningi umrædds lagafrumvarps.
2. Sá aðgangur að efnislegu grunnvirki sem frumvarpinu er ætlað að tryggja er mjög mikilvægur vegna framtíðaráforma borgarinnar í uppbyggingu nauðsynlegra innviða er styðja við tækniþróun og hvers kyns frumkvöðlastarf en Reykjavíkurborg lítur m.a. á þessa þætti sem líklega til að auka samkeppnishæfi borgarinnar í alþjóðlegu tilliti. Í því sambandi er tekið undir þá ákvörðun að fylgja stefnu Evrópusambandsins um að halda svörtum ljósleiðara utan við efnisleg grunnvirki. Leiða má að því líkum að breytt skilgreining á svörtum ljósleiðara muni hafa mjög miklar afleiðingar á samkeppnisumhverfi á fjarskiptamarkaði í Reykjavík og víðar um land. Samkeppni í kostnaðarsömum innviðum í fámennu landi eins og Ísland er, verður sennilega seint þess eðlis að fjölmargir aðilar keppi á slíkum markaði. Til þess er landið of fámenn og innviðauppbygging of dýr. Eins og staðan er í dag er þetta tvíkeppnismarkaður í þéttbýlinu á suð-vesturhorninu, þar sem tveir aðilar stunda virka samkeppni, hvor með sitt viðskiptalíkan. Þetta hefur gert það að verkum að samkeppni á fjarskiptamarkaði er í raun mun betri en ætla mátti miðað við fólksfjölda og stærð markaðarins og fullyrða má að

samkeppni hér sé jafnvel meiri og virkari en í mun fjölmennari samfélögum í nágrannalöndunum. Breyting á skilgreiningu svarts ljósleiðara yfir í efnislegt grunnvirki myndi því hafa alvarlegar afleiðingar á það samkeppnisumhverfi sem byggst hefur upp undanfarna áratugi og gæti í versta tilfelli leitt til samþjöppunar í eignarhaldi fjarskiptainnvíða með tilheyrandi afleiðingum fyrir neytendur, fyrirtæki og stofnanir.

3. Annað sjónarmið varðandi svartan ljósleiðara er að sé litið til mjög nálægrar framtíðar blasir við sú staða að nauðsynlegt er að nægt framboð af ljósleiðaraþráðum sé til staðar, ekki einungis til að tryggja samkeppni og greiða fyrir 5G innleiðingu, heldur einnig til að tryggja afhendingaröryggi. Nokkuð líklegt má telja að innan skamms verði megnið af gögnum og vinnslum stjórnsýslustofnana og fyrirtækja komin í skýjaþjónustur. Í þeim veruleika skiptir afhendingaröryggi netþjónustu höfuðmáli og því kann það að skipta sköpum fyrir framþróun að stórnotendur á borð við Reykjavíkurborg geti samið við fleiri en einn eiganda svarts ljósleiðara um samtímaþjónustu með það fyrir augum að tryggja afhendingaröryggi og til að lágmarka hættuna á að rekstrartruflanir eins þjónustuaðila raski mikilvægri starfsemi á vegum borgarinnar.
4. Að mati Reykjavíkurborgar ætti löggjafinn að setja markið hærra þegar kemur að skilgreiningu á gagnaflutningshraða. Sá hraði sem tilgreindur er í frumvarpinu, 30 megabit á sekúndu, miðast við stöðu á evrópskum fjarskiptamarkaði en sá hraði sem er þar í boði til neytenda er umtalsvert lakari en hér. Á Íslandi búa fjölmennari þéttbýlisstaðir við annan veruleika í krafti þeirrar samkeppni sem hér ríkir á fjarskiptamarkaði. Reykjavíkurborg leyfir sér að koma á framfæri því sjónarmiði að með því að skilgreina umtalsvert hærra lágmarkshraða í frumvarpinu væri ríkisstjórnin að senda mjög ákveðin skilaboð um að Ísland geri sér grein fyrir að háhraða gagnaflutningar séu undirstaða undir þróun atvinnustarfsemi í landinu og ein lykilforsenda fjölbreyttu atvinnulífs um allt land. Slíkt gæti þrýst á uppbyggingu sambærilegs háhraðanets og höfuðborgarþéttbýlis nú njóta á fleiri stöðum á landinu, líka í dreifðum byggðum. Slík uppbygging gæti gefið Íslandi samkeppnisforskot á tæknimarkaði í nánustu framtíð, styrkt frumkvöðlastarf, laðað að verðmæta starfskrafta og skotið mikilvægum stöðum undir fjölbreytta byggðapróun vítt og breitt um landið. Þó svo að að orðskýringin sé tekin beint úr 2. gr. tilskipunarinnar, eins og segir í greinargerð, er það álit Reykjavíkurborgar að fullt tilefni sé til að setja markið hærra.

Verði vel staðið að innleiðingu laganna er líklegt að þau muni styðja við áframhaldandi og nauðsynlega uppbyggingu og fjölgun fjarskiptaneta og þar með virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Mjög mikilvægt er að tryggt verði að ekki verði innleiddar breytingar er kunni að raska þeirri samkeppnisstöðu er hér ríkir nú til verri vegar. Samkeppnin er ríkt hefur á fjarskiptamarkaði hefur leitt til þess að Ísland er meðal fremstu þjóða hvað varðar háhraðatengingar og er ágætlega undirbúið undir 5G innleiðingu og aðrar tækniframfarir sem eru rétt handan við hornið. Frá sjónarhóli Reykjavíkurborgar er mjög mikilvægt að innleiðing þeirra laga er hér um ræðir styðji við og greiði götu enn frekari uppbyggingar en slíkt er nauðsynlegt til að borgin nái markmiðum sínum varðandi snjallvæðingu og frekari tækniuppbyggingu í hvers kyns starfsemi.

Virðingarfyllt,



Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri